

Alþingi
Erindi nr. P 128/1556
komudagur 6.3.2003



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

5. mars 2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukinn tollkvóta hreindýrakjöts, 250.mál.


SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 25. febrúar sl. fengið tilvitnað þingmál til umsagnar.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa ætíð lagt áherslu á frjálsa verslun og telja að aðeins með því móti verði hagfelld þróun í verslun landsmanna. Eða svo vitnað sé í gamlan texta sem þó á fyllilega erindi til samtímans: „...verslaninni er eins háttað á Íslandi eins og annars staðar; að því frjálsari sem hún verður, því hagsælli verður hún landinu” Jón Sigurðsson. Ný félagsrit 1843.

Samtökin styðja því eindregið afnám allra kvóta og hindrana í vegi frjálsrar verslunar sem aðeins eru til þess fallnir að ala á óheilbrigðum og metnaðarlausum atvinnurekstri.

SVÞ hvetja flutningsmenn og þingheim til fleiri og stórstígari tillögugerða um að efla frjálsa, einkarekna verslun á Íslandi.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri